

# SKÝRSLA HUGBÚNAÐARHÓPS SKÝ

## STARFSÁRIÐ 2012

Stjórn Hugbúnaðarhóps Ský skipuðu:

Hlynur Johnsen, Betware  
Pétur Snæland, To-Increase  
Ragnheiður Birna Björnsdóttir, Tryggingastofnun  
Ragnheiður H. Magnúsdóttir, Hugsmiðjan ehf.  
Sigurður Egill Guttormsson, Trackwell

Hugbúnaðarhópur Ský stendur að jafnaði að einum stórum viðburði hvert starfsár og hefur að markmiði skv. samþykktum m.a. að skapa vettvang fyrir faglega umræðu um hugbúnaðargerð og hvetja til samstarfs milli fyrirtækja auk tengslamyndunar milli fagfólks í greininni.

Að þessu sinni var Hugbúnaðarráðstefna Ský haldin þann 21. nóvember með yfirskriftinni "Smíðað fyrir símann". Undirbúningur hófst í september en meðal markmiða ráðstefnunnar var að skarast ekki of mikið við aðra viðburði Ský, að ná einnig til þeirra sem stunda hugbúnaðargerð og að fjalla um svið sem margar nýjungar eru að koma fram á. Ráðstefnan var vel sótt; yfir 100 manns fóru langt með að fylla stóra salinn á Grand Hótel og athygli vakti áhugi nemenda sem fengu aðgang gegn vægu gjaldi.

Ráðstefnustjóri var Gunnar Thorberg frá Kapli markaðsráðgjöf og dagskráin var sem hér segir:

- Charles Andrew Christie, We Do - "User-centred Design for the Mobile Web"
- Páll Þór Pálsson, Betware - "Hvernig byggja skal fullkomna snjallsíma upplifun"
- Björn Ingimundarson, Betware - "Þróunarumhverfi fyrir mobile vefforritun"
- Þorsteinn Friðriksson, Plain Vanilla Games - "Mobile Apps á markað"
- Halldór Hrafn Gíslason, Opin Kerfi - "Windows 8 smáforritunargerð, hvað er svona merkilegt við það?"
- Már Örlygsson, Hugsmiðjan - "Hönnun og forritun á snjöllu vefviðmóti"
- Torfi Gunnarsson, Nova - "Hvað er nýtt í fjarskiptaheiminum"
- Helgi Pjetur Jóhannsson, Stokkur - "Native Apps - Þróunarferli í iOS og Android frá A-Ö"
- Sigurjón Ólafsson, Íslandsbanki - "Ógnanir og tækifæri í miðlun efnis fyrir síma og spjaldtölvur"

Meðal áhugaverðra fyrirlestra má nefna fyrirlesturinn um Windows 8 smáforritun sem margir hafa beðið eftir að sjá hvernig kemur út (Halldór), App forritun frá þekktasta fyrirtæki þess bransa (Helgi), reynslusaga um þrautagöngu við að markaðssetja farsímahugbúnað (Þorsteinn) auk margra punkta um hönnun út frá notendum. Twitter var virkjað með taginu #AlltSnjallt og ráðstefnumat gaf nokkuð góða umsögn en einnig hugmyndir að næstu viðburðum.

Þrátt fyrir hugmyndir um aðra viðburði varð ekkert úr slíku vegna anna, en stjórnarmeðlimir studdu við Ský á UT messunni. Stjórnin vill sérstaklega þakka Arnheiði fyrir frumkvæði og drifkraft við framkvæmd Hugbúnaðarráðstefnunnar.